



HÉRAÐSDÓMUR
REYKJAVÍKUR

D Ó M U R

30. mars 2026

Mál nr. E-5408/2025:
Stefnandi: Þb. Opera Service ehf.
(*Birgitta Saga Jónsdóttir lögmaður*)

Stefndi: Björgvin Narfi Ásgeirsson
(*Sveinn Andri Sveinsson lögmaður*)

Dómari: Arnaldur Hjartarson héraðsdómari

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 30. mars 2026 í máli nr. E-5408/2025:

Pb. Opera Service ehf.

(Birgitta Saga Jónsdóttir lögmaður)

gegn

Björgvin Narfa Ásgeirssyni

(Sveinn Andri Sveinsson lögmaður)

Mál þetta, sem var dómtekið 5. mars 2026, var höfðað 25. september 2025.

Stefnandi er þb. Opera Service ehf., Kalkofnsvegi 2 í Reykjavík.

Stefndi er Björgvin Narfi Ásgeirsson, [...].

Stefnandi krefst þess aðallega að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 10.050.000 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 14. febrúar 2024 til greiðsludags. Til vara er þess krafist í fyrsta lagi að rift verði með dómi greiðslum hins gjaldþrota félags, Opera Service ehf., til stefnda sem inntar voru af hendi með millifærslum hinn 14. febrúar 2024, að fjárhæð 10.000.000 króna og 50.000 krónur; og í öðru lagi er þess krafist til vara að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 10.050.000 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti um verðtryggingu frá 14. febrúar 2024 til 12. september 2025 og með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar að viðbættu álagi.

I

Stefnandi er þrotabú einkahlutafélags sem var í 100% eigu Instrumenta ehf., sem aftur var í 100% eigu stefnda. Opera Service ehf. var stofnað í janúar 2024. Skráður tilgangur félagsins var þjónusta við fyrirtæki, kaup, sala og eignarhald á verðbréfum, kaup, sala og rekstur fasteigna og lausafjár ásamt lánastarfsemi tengd rekstrinum og annar skyldur rekstur. Bú félagsins var tekið til gjaldþrotaskipta 11. desember 2024. Samkvæmt fundargerð skiptafundar 25. febrúar 2025 reyndust eignir búsins nema 328 krónum.

Við athugun skiptastjóra á ráðstöfun eigna þrotabúsins fyrir úrskurðardag kom í ljós að félagið ráðstafaði annars vegar 10.000.000 króna og hins vegar 50.000 krónum inn á bankareikning stefnda með tveimur millifærslum 14. febrúar 2024. Á þeim tíma var stefndi stjórnarmaður og prókúruhafi félagsins, en þar mun ekki hafa verið starfandi framkvæmdastjóri. Í júlí 2024 tilkynnti stefndi fyrirtækjaskrá um úrsögn sína úr stjórn

félagsins. Af hálfu stefnanda hefur verið byggt á því að gögn að baki millifærslunum hafi ekki fundist í forum félagsins.

Stefndi hefur vísað til þess að félagið hafi ásamt tengdum félögum annast veitingarekstur. Í þeirri starfsemi hafi hlutverk Opera Service ehf. verið að sjá um bókhald og greiðslu launa. Fjármunir hafi því flætt milli félagsins og annarra tengdra félaga, sem hafi meðal annars verið UHS ehf., Ítalgest ehf., Beatus ehf. og Instrumenta ehf. Hefur stefndi lagt fram í málinu vinnuskjal sitt um uppbyggingu samstæðu rekstrarins.

Í gögnum málsins er einnig getið um félagið SÓK ehf., en ágreiningslaust er að það félag er í eigu maka stefnda.

Stefndi byggir á því að umræddar millifærslur frá félaginu til sín hafi verið greiðsla vegna sólarhringsláns sem móðurfélagið Instrumenta ehf. hafi áður veitt dótturfélaginu Opera Service ehf. 13. febrúar 2024. Fjármunir til lánveitingar Instrumenta ehf. hafi áður borist frá SÓK ehf., sem hafi aftur fengið þá fjármuni frá stefnda sjálfum með millifærslu 1. febrúar 2024. Þess skal getið að stefndi sat einn í stjórn Instrumenta ehf.

Í málinu liggja fyrir millifærslukvittanir sem leiða í fyrsta lagi í ljós að stefndi millifærði 15.000.000 króna af eigin reikningi inn á reikning SÓK ehf. 1. febrúar 2024, í öðru lagi að 13. febrúar 2024 greiddi síðastnefnt félag 13.000.000 króna inn á reikning Instrumenta ehf. og í þriðja lagi að samdægurs millifærði Instrumenta ehf. 10.000.000 króna inn á reikning Opera Service ehf.

Upphaflega byggði stefndi á því að lánveitingin frá Instrumenta ehf. til Opera Service ehf. hefði verið til þess að síðarnefnda félagið gæti gert upp laun hjá tveimur systurfélögum sínum, þ.e. UHS ehf. og Ítalgest ehf. Við aðalmeðferð málsins breytti stefndi þeirri lýsingu með málflutningsyfirlýsingu lögmanns síns um að Opera Service ehf. hefði í reynd ekki nýtt sér lánið í þessu skyni. Þess vegna hefði lánið verið endurgreitt beint til stefnda sjálfs.

Skiptastjóri boðaði stefnda til skýrslutöku með bréfi, dags. 8. janúar 2025, sem var póstlagt degi síðar. Stefndi byggir á því í málinu að ekkert liggi fyrir um hvort um hafi verið að ræða rekjanlegt bréf. Í tilefni af þeim málátilbúnaði stefnda lagði stefnandi fram í málinu staðfestingu Íslandspósts ohf. á því að bréf sem skiptastjóri sendi stefnda hafi verið endursent 13. febrúar 2025 þar sem bréfsins hafi ekki verið vitjað.

Með bréfi skiptastjóra stefnanda, dags. 12. ágúst 2025, til stefnda var lýst yfir riftun á greiðslum félagsins til stefnda að fjárhæð 10.050.000 krónur með vísan til XX. kafla laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., einkum 2. mgr. 131. gr. og 141. gr. laganna, enda væri stefndi nákominn aðili í skilningi 4. og 6. töluliðar 3. gr. sömu laga. Fram kom að skiptastjóri teldi rök standa til þess að stefndi hefði við framkvæmd starfa sinna sem stjórnarmaður félagsins valdið félaginu og kröfuhöfum þess tjóni með

saknæmum og ólögætum hætti, og bæri skaðabótaábyrgð á grundvelli 108. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög, almennu sakarreglunnar og 2. mgr. 64. gr. laga nr. 21/1991. Var stefndi jafnframt krafinn um endurgreiðslu umræddrar fjárhæðar innan 14 daga frá dagsetningu bréfsins.

Stefndi mun ekki hafa svarað bréfi þessu.

Við aðalmeðferð málsins gaf stefndi aðilaskýrslu fyrir dómi.

II

Stefnandi byggir aðalkröfu sína á því að millifærslur 14. febrúar 2024, að fjárhæð samtals 10.050.000 krónur, hafi falið í sér lánveitingar félagsins til stefnda í andstöðu við fortakslaust bannákvæði 1. mgr. 79. gr. laga nr. 138/1994. Á grundvelli ákvæðisins sé einkahlutafélagi ekki heimilt að veita hluthöfum, stjórnarmönnum eða framkvæmdastjórum félagsins eða móðurfélags þess lán né setja tryggingu fyrir þá, þó að undanskildum venjulegum viðskiptalánnum. Stefnandi byggir á því að í hvorugu tilviki hafi getað verið um að ræða venjulegt viðskiptalán, ekki síst þegar litið sé til starfsemi félagsins og eðlis þeirra lánveitinga sem um ræði.

Stefndi hafi í krafti stöðu sinnar sem eini stjórnarmaður og prókúruhafi félagsins framkvæmt umræddar millifærslur og fjárhæðirnar hafi verið teknar til persónulegra nota stefnda. Ekki verði með nokkru móti séð af bókhaldi félagsins eða á grundvelli annarra upplýsinga, sem skiptastjóra séu tiltækar, að hinir umkröfðu fjármunir hafi verið nýttir í þágu reksturs hins gjaldþrota félags. Þvert á móti bendi allt til þess að stefndi hafi nýtt fjármunina í sína eigin þágu án nokkurrar tengingar við hagsmuni stefnanda.

Stefndi hafi ekki orðið við boðun skiptastjóra til skýrslugjafar og beri hann hallann af því að ekki hafi verið gerð grein fyrir hvað búi að baki millifærslunum við skýrslugjöf hjá skiptastjóra eða með bókun í bókhaldi félagsins, sem stefndi hafi borið ábyrgð á að væri fært með fullnægjandi hætti í krafti stöðu sinnar sem stjórnarmaður þess, sbr. 5. gr. laga nr. 145/1994 um bókhald. Þá þyki ljóst að stefndi hafi framkvæmt umræddar millifærslur, þar sem hann hafi einn haft aðgang að bankareikningi félagsins á umræddum tíma og beri af þeim sökum einnig hlutlæga varaábyrgð á grundvelli 5. mgr. 79. gr. laga nr. 138/1994. Framangreint ákvæði feli í sér að sé ekki unnt að endurgreiða fé séu þeir sem gerðu eða framkvæmdu síðar ráðstafanir samkvæmt 1. og 2. mgr. 79. gr. laganna ábyrgir fyrir tapi félagsins.

Stefnandi byggir á því að stefnda beri að greiða dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af 10.050.000 krónum frá 14. febrúar 2024 til greiðsludags, sbr. 4. mgr. 79. gr. laga nr. 138/1994, en í síðargreindu ákvæði felist að hafi félag innt af hendi greiðslur í tengslum við ráðstafanir sem séu í andstöðu við 1. mgr. sömu greinar skuli endurgreiða þær með dráttarvöxtum.

Fallist dómurinn ekki á aðalkröfu stefnanda byggi hann til vara á eftirfarandi málsástæðum.

Í fyrsta lagi sé teflt fram riftunarkröfu með stoð í 2. mgr. 131. gr. laga nr. 21/1991. Umræddar millifærslur hafi verið gjafagerningur í skilningi þess ákvæðis. Til þess að um sé að ræða gjafagerning í skilningi ákvæðisins þurfi ráðstöfunin að uppfylla þrjú megin skilyrði, þ.e. að 1) gjöfin hafi rýrt eignir þrotabúsins, 2) gjöfin hafi leitt til eignaaukningar hjá móttakanda, og 3) tilgangurinn með gerningnum hafi verið að gefa.

Stefnandi telji liggja í augum uppi að greiðslurnar hafi rýrt eignir þrotabúsins og að sama skapi aukið við eignir stefnda. Stefnandi byggi á því að líta verði til fjárhæðar millifærslanna með tilliti til annarra millifærslna og eigna í búinu. Önnur millifærslan nemi umtalsvert hærri fjárhæð en allar aðrar millifærslur á árinu 2024. Þá hafi greiðslurnar leitt til þess að umtalsvert minni eignir hafi orðið eftir í félaginu sem ella hefðu komið til skiptanna. Þá telji stefnandi gjafatilgang ráðstöfunarinnar liggja í augum uppi. Jafnframt bendi stefnandi á að líkur séu á því að um gjafagerning sé að tefla þegar nákomnir aðilar eigi í hlut.

Undantekning 2. mgr. 131. gr. laga nr. 21/1991 eigi ekki við í málinu, þar sem fyrir liggja að félagið hafi verið ógjaldfært nánast frá öndverðu þar sem það hafi ekki staðið í skilum með lífeyrissjóðsiðgjöld og opinber gjöld strax í febrúar 2024, nánar tiltekið á upphafsmánuðum félagsins. Þá hvíli sönnunarbyrði fyrir því að þrotabúið hafi verið gjaldfært þrátt fyrir greiðslurnar á stefnda. Stefnda beri þá að sanna að eignir þrotabúsins hafi verið umfram skuldir, sem og að það hafi verið greiðslufært þrátt fyrir greiðslurnar.

Verði varnir stefnda á þá leið að um sé að ræða greiðslur félagsins á skuld við stefnda byggi stefnandi á því að þær séu þó riftanlegar ráðstafanir með vísan til 1. og 2. mgr. 134. gr. laga nr. 21/1991. Samkvæmt ákvæði 1. mgr. 134. gr. laganna megi krefjast riftunar á greiðslu skuldar á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag hafi verið greitt með óvenjulegum greiðslueyri, fyrr en eðlilegt var eða ef greidd hafi verið fjárhæð sem skerti greiðslugetu þrotamanns verulega, nema greiðslan hafi virst venjuleg eftir atvikum.

Til að ráðstöfun teljist riftanleg samkvæmt 1. mgr. 134. gr. laga nr. 21/1991 þurfi því eitt þriggja skilyrða ákvæðisins að vera uppfyllt. Skilyrðin séu sjálfstæð og nægi að einu þeirra sé fullnægt svo riftun nái fram að ganga. Riftunarreglan sé hlutlæg og því sé ekki gerður áskilnaður um grandsemi riftunarþola um ógjaldfærni þrotamanns. Riftunarreglunni sé ætlað að taka til greiðslu á skuldum sem hafi farið fram með öðrum hætti eða við aðrar aðstæður en upphaflega hafi verið gert ráð fyrir og þá einkum þegar slæm fjárhagsstaða skuldara valdi því að greiðsla fari fram með öðrum hætti en ef fjárhagsstaða hans hefði verið eðlileg.

Greiðslur til stefnda að fjárhæð samtals 10.050.000 krónur hafi verið inntar af hendi 14. febrúar 2024 eða um 10 mánuðum áður en bú félagsins hafi verið tekið til

gjaldþrotaskipta. Á því sé byggt að greiðslurnar hafi skert greiðslugetu félagsins verulega, en með þeim hafi nær öllu ráðstöfunarfé þess verið ráðstafað til stefnda. Eftir að greiðslurnar hafi verið inntar af hendi hafi innstæða á bankareikningi félagsins aldrei verið yfir 5.725.992 krónum en almennt hafi hún verið talsvert lægri.

Þá blasi skerðing á greiðslugetu félagsins jafnframt við þegar borið sé saman verðmæti þeirra eigna félagsins sem staðið hafi kröfuhöfum þess til fullnustu og fjárhæð lýstra krafna við gjaldþrotaskiptin, en ýmsar kröfur hafi þegar verið gjaldfallnar þegar stefndi hafi mótttekið greiðslurnar. Stefnandi telji millifærslurnar vera óvenjulegar í samhengi við greiðslugetu félagsins á þeim tíma sem þær hafi verið framkvæmdar sem og að fjárhæð annarrar millifærslunnar hafi verið mun hærri en aðrar millifærslur sem greiddar hafi verið af bankareikningi félagsins.

Stefnandi byggir á því að ekkert hafi komið fram sem bendi til þess að greiðslurnar hafi virst venjulegar eftir atvikum, en stefndi beri sönnunarbyrði fyrir því að svo hafi verið. Með hliðsjón af megintilgangi riftunarreglna laga nr. 21/1991 um að auka jafnræði kröfuhafa við skiptin og leiðréttu óeðlilegar ráðstafanir í þágu eins kröfuhafa á kostnað annarra geti umrædd greiðsla ekki talist hafa farið fram undir eðlilegum kringumstæðum. Þá þykir almennt óvenjulegt að greiða skuldir til aðila sem nákomnir séu þrotamanni í aðdraganda gjaldþrots. Stefnandi telji stefnda hafa vitað eða mátt vita um bágborna fjárhagsstöðu félagsins og því hnígi engin rök til þess að líta megi á greiðsluna sem venjulega eftir atvikum.

Stefnandi byggir á því að stefndi sé nákominn þrotamanni á grundvelli 4. og 6. töluliðar 3. gr. laga nr. 21/1991 en hann sé fyrrum stjórnarmaður, prókúruhafi og endanlegur eigandi félagsins í krafti óbeins eignarhalds í gegnum Instrumenta ehf. Samkvæmt 2. mgr. 134. gr. laga nr. 21/1991 megi krefjast riftunar á greiðslu skuldar til nákominna sex til tuttugu og fjórum mánuðum fyrir frestdag nema leitt sé í ljós að þrotamaður hafi þá verið gjaldfær og það þrátt fyrir greiðsluna. Stefnandi telji greiðsluna riftanlega ráðstöfun samkvæmt ákvæðinu, sem og 1. mgr. 134. gr. sömu laga, og bendi á að sönnunarbyrði um að stefnandi hafi verið gjaldfær þegar þær voru inntar af hendi hvíli á stefnda.

Þá byggir stefnandi jafnframt á að greiðslurnar til stefnda séu riftanlegar ráðstafanir samkvæmt hinni almennu riftunarreglu 141. gr. laga nr. 21/1991. Samkvæmt henni megi krefjast riftunar ráðstafana þrotamanns sem á ótilhlýðilegan hátt séu a) kröfuhafa til hagsbóta á kostnað annarra, b) leiði til þess að eignir þrotamanns verða ekki til reiðu til fullnustu kröfuhöfum, eða c) leiði til skuldaaukningar kröfuhöfum til tjóns, ef þrotamaður var ógjaldfær eða varð það vegna ráðstöfunarinnar og sá sem hafði hag af henni vissi eða mátti vita um ógjaldfærni þrotamannsins og þær aðstæður sem leiddu til þess að ráðstöfunin var ótilhlýðileg.

Stefnandi byggir á því að umræddar greiðslur séu ráðstafanir sem á ótilhlýðilegan hátt hafi verið greiddar til stefnda á kostnað annarra í aðdraganda gjaldþrotaskipta, og leitt hafi til þess að eignir félagsins urðu ekki til reiðu til fullnustu kröfuhöfum, enda hafi félagið verið ógjaldfært á þeim tíma sem greiðslan hafi átt sér stað, sbr. það sem áður sé rakið. Greiðsla félagsins til stefnda hafi verið honum einum til hagsbóta á kostnað kröfuhafa. Stefnandi telji að eigi stefndi kröfu á félagið myndi slík krafa aðeins njóta stöðu almennrar kröfu í réttindaröð, en flestir aðrir kröfuhafar, þar með taldir forgangskröfuhafar, og þeir sem njóta lægri stöðu í réttindaröð fái engar heimtur af sínum kröfum. Stefnandi byggir einnig á því að stefndi hafi vitað eða mátt vita um ógjaldfærni þrotamannsins, eða í öllu falli að félagið hafi orðið ógjaldfært vegna greiðslnanna og þær aðstæður sem leitt hafi til þess að ráðstöfunin væri ótilhlýðileg. Því til stuðnings vísi stefnandi til þess að stefndi hafi verið eini stjórnarmaður, prókúruhafi og endanlegur eigandi félagsins. Leggja verði því til grundvallar að stefndi hafi haft alla þræði félagsins í hendi sér og honum hafi ekki getað dulist að félagið gæti ekki staðið skil á fjárskuldbindingum sínum. Því hafi greiðslan verið ótilhlýðileg með tilliti til hagsmuna kröfuhafa félagsins.

Hvað nánar varði fjárkröfu stefnanda þá sé hún byggð á 1. mgr. 142. gr. laga nr. 21/1991 að því leyti sem riftunarkrafan byggist á á 2. mgr. 131. gr., 1. og 2. mgr. 134. gr. laganna, en 3. mgr. 142. gr. laganna að því leyti sem riftunarkrafan byggist á 141. gr. laganna. Stefnandi hafi orðið fyrir fjártjóni sem nemi fjárhæð greiðslnanna, 10.050.000 krónum. Hefðu greiðslurnar ekki farið fram hefðu fjármunirnir nýst stefnanda til úthlutunar til kröfuhafa og svari tjón stefnanda því til þessarar sömu fjárhæðar. Líta verði svo á að stefndi hafi verið grandsamur um riftanleika þessara ráðstafana og beri því að dæma hann til greiðslu tjónsbóta, sbr. lokamálslið 1. mgr. 142. gr. laga nr. 21/1991. Að því leyti sem riftunarkrafan byggist á 141. gr. sömu laga sé byggt á því að stefnda beri að greiða bætur eftir almennum reglum skaðabótaréttarins, sbr. 3. mgr. 142. gr. sömu laga.

Stefnandi geri kröfu um vexti samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi sem greiðslurnar hafi verið inntar af hendi sem jafnframt sé það tímamark sem hin bótaskyldu atvik hafi átt sér stað. Þá sé gerð krafa um dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá 12. september 2025 en þá hafi verið liðinn mánuður frá yfirlýsingu skiptastjóra um riftun.

III

Stefndi byggir á því að skiptastjóri stefnanda hafi vanrækt að taka skýrslu af stefnda sem fyrirsvarsmanni hins gjaldþrota félags. Ekki liggi fyrir hvort bréfið sem skiptastjóri hafi sent stefnda hafi verið rekjanlegt bréf eða hveggjar tegundar. Skiptastjóri geti farið þess skriflega á leit við héraðsdómara að hlutaðeigandi verði kvaddur fyrir

dóm til að gefa skýrslu um málefnið sem vitni, eftir atvikum með atbeina lögreglu. Það sé ein af grundvallarskyldum góðs og gegns skiptastjóra að taka skýrslu af fyrirvarsmanni gjaldþrota félags. Vinnubrögð skiptastjóra teljist aðfinnsluverð.

Millifærslur þessa máls séu tilkomnar með þeim hætti að um hafi verið að ræða skammtíma- eða skyndilán til eins sólarhrings milli skyldra aðila með veði í uppgjöri frá félögunum Ítalgest ehf. og UHS ehf. Nánar tiltekið hafi stefndi 1. febrúar 2024 lagt 15.000.000 króna inn á einkahlutafélagið SÓK ehf. og 2.002.500 krónur inn á Kjöreign ehf. vegna SÓK ehf. þennan sama dag. Skuld vegna SÓK ehf. við stefnda hafi þannig 1. febrúar numið 17.002.500 krónum. Hinn 13. febrúar 2024 hafi SÓK ehf. lagt 13.000.000 króna inn á Instrumenta ehf. Sama dag hafi Instrumenta ehf. lagt 10.000.000 króna sem sólarhringslán inn á dótturfélag sitt, Opera Service ehf., til að Opera Service ehf. gæti greitt laun fyrir meðal annars dótturfélag Instrumenta ehf. og systurfélag Opera Service ehf., UHS ehf. og Ítalgest ehf., og hafi þetta lán verið með veði í uppgjörsgreiðslum frá Ítalgest ehf. og UHS ehf. til Opera Service ehf. vegna veitingasölu. Með þessum hætti hafi upphaflegt lán frá stefnda verið fært á milli félaganna og greitt til baka með því að netta skuld við stefnda. Þetta hafi allt gerst á tveimur dögum þar sem Opera Service ehf. hafi þurft skammtímalán vegna launagreiðslna. Í þessu samhengi getur dómurinn þess að við aðalmeðferð lýsti stefndi því yfir að lánið hefði í reynd ekki verið nýtt til að greiða laun starfsfólks.

Hvað varði aðalkröfu stefnanda beri að líta til þess sem að framan sé rakið um tildrög viðkomandi greiðslna; skammtímaviðskiptalán frá móðurfélaginu Instrumenta ehf. til dótturfélagsins Opera Service ehf. Því sé ekki um að ræða ólögmatar lánveitingar í skilningi 79. gr. laga nr. 138/1994. Kenningum um að snúa beri við sönnunarbyrði vegna þess að stefndi eigi ekki að hafa sinnt boðun skiptastjóra sé að auki alfarið vísað á bug sem staðleysu.

Hvað varði varakröfu stefnanda um riftun þá sé hún aðallega byggð á gjafagerningsákvæði 2. mgr. 131. gr. laga nr. 21/1991, en til vara á 1. og 2. mgr. 134. gr. um greiðslu krafna, en til þrautavara á almennu riftunarreglunni í 141. gr. sömu laga. Endurgreiðslukrafan sé sögð byggja á 142. gr. laganna.

Hvað varði ætlaða gjafagerninga þá byggi krafa stefnda um sýknu á því í fyrsta lagi að greiðslurnar feli ekki í sér gjafagerninga í skilningi 2. mgr. 131. gr. laga nr. 21/1991. Samkvæmt 1. mgr. megi krefjast riftunar á gjafagerningi hafi gjöfin verið afhent á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag, en samkvæmt 2. mgr. megi krefjast riftunar á gjafagerningi hafi gjöfin verið afhent sex til tólf mánuðum fyrir frestdag nema leitt sé í ljós að þrotamaðurinn hafi þá verið gjaldfær og það þrátt fyrir afhendinguna. Þetta gildi einnig um gjafir til nákominna sem hafi verið afhentar sex til tuttugu og fjórum mánuðum fyrir frestdag.

Ef svo ólíklega myndi vilja til að litið yrði á greiðslurnar þann 14. febrúar 2024 sem gjafagerning, þannig að riftunarregla 2. mgr. 131. gr. yrði talin geta átt við, þá byggi stefndi á því Opera Service ehf. hafi verið gjaldfært þann 14. febrúar 2024 og strax þess vegna beri að sýkna stefnda.

Því fari hins vegar algjörlega fjarri að um gjafagerning hafi verið að ræða eins og rakið sé hér að framan. Um hafi verið að ræða „nettun“ á skyndiláni frá móðurfélagi til dótturfélags, sem upphaflega hafi komið frá stefnda.

Hvað varði ætlaða riftun greiðslu á kröfu samkvæmt 134. gr. laga nr. 21/1991, þá sé vissulega ljóst að hér hafi verið um að ræða greiðslu kröfu; nánar tiltekið uppgjör á skammtímaláni frá móðurfélaginu Instrumenta ehf. til dótturfélagsins Opera Service ehf., þannig að síðarnefnda félagið gæti gert upp laun hjá tveimur systurfélögum sínum, UHS ehf. og Ítalgest ehf., með veði í söluuppgjóri frá þeim félögum til Opera Service ehf. sem þá hafi verið beðið eftir. Það sé því ljóst að riftunarheimild 134. gr. eigi ekki við hér.

Ekki hafi verið greitt með óvenjulegum greiðslueyri, ekki hafi verið greitt fyrr en eðlilegt hafi verið né heldur hafi verið greidd fjárhæð sem skert hafi greiðslugetu Opera Service ehf. verulega, enda hafi aldrei verið lagt upp með að lánsféð nýttist í annað en launauppgjör og að það yrði endurgreitt með söluuppgjóri frá UHS ehf. og Ítalgest ehf. Að endingu sé ljóst að greiðslan hafi virst venjuleg eftir atvikum þegar hún var innt af hendi.

Hvað loks varði tilvísun stefnanda til almennu riftunarreglunnar í 141. gr. laga nr. 21/1991 þá geti hún ekki átt við nema stefnandi sýni fram á að greiðslurnar í málinu hafi á ótilhlýðilegan hátt verið stefnda til hagsbóta á kostnað annarra kröfuhafa, leitt til þess að eignir Opera Service ehf. hafi ekki verið til reiðu til fullnustu kröfuhöfum eða leitt til skuldaaukningar kröfuhöfum til tjóns, enda hafi Opera Service ehf. verið ógjaldfært eða orðið það vegna ráðstafananna og stefndi sem hafi haft hag af henni hafi vitað eða mátti vita um ógjaldfærnina og þær aðstæður sem leiddu til þess að ráðstafanirnar væru ótilhlýðilegar.

Ekki aðeins hafi stefnanda ekki tekist að sýna fram á þetta, heldur hafi hann ekki reynt það.

Í fyrsta lagi sé ekki um það að ræða að greiðslurnar hafi verið stefnda á ótilhlýðilegan hátt til hagsbóta á kostnað annarra kröfuhafa. Um hafi verið að ræða skyndilán til Opera Service ehf. svo að félagið gæti gengið frá launauppgjóri og hafi lánið verið með veði í söluuppgjóri frá félögunum sem viðkomandi launþegar hafi verið að vinna fyrir. Skyndilánið hafi þannig augljóslega verið til hagsbóta fyrir Opera Service ehf. og forgangskröfuhafa þess og systurfélaga þess, hvar fólkið starfaði.

Í öðru lagi hafi þetta skyndilán og uppgjör þess ekki heldur leitt til þess að eignir Opera Service ehf. hafi ekki verið til reiðu til fullnustu kröfuhöfum. Skyndilánið, sem

hafi verið með veði í veitingasölu systurfélaga Opera Service ehf., hafi verið nýtt til uppgjors á launum fólks sem starfaði á veitingastöðum viðkomandi systurfélaga en hafi fengið greidd laun frá Opera Service ehf. Skyndilánið sem gert hafi verið upp 14. febrúar 2024 hafi verið nýtt til þess að greiða starfsfólki sem annars hefði átt samsvarandi forgangskröfu í þb. Opera Service ehf.

Í þriðja lagi sé því enn síður þannig háttað að greiðslan hafi leitt til skuldaaukningar kröfuhöfum til tjóns.

Í fjórða lagi hafni stefndi því að greiðsla þessi hafi í sjálfu sér leitt til þess að Opera Service ehf. hafi orðið ógjaldfært. Greiðslan hafi komið inn 13. febrúar 2024 og verið nýtt til greiðslu launa og farið út daginn eftir, þ.e. eftir að söluuppgjör hafi borist frá systurfélögum Opera Service ehf.

Í fimmta lagi liggi ekkert fyrir um það í málatilbúnaði stefnanda hvenær Opera Service ehf. eigi að hafa verið orðið ógjaldfært. Stefndi byggi á því að það sé bæði rangt og ósannað að Opera Service ehf. hafi verið ógjaldfært 14. febrúar 2025, enda hafi stefndi og viðskiptafélagi hans verið að vinna við það baki brotnu að koma rekstrinum í gott horf.

Í sjötta lagi sé í ljósi þess sem rakið hafi verið um tildrög og tilgang skyndilánsins og með hliðsjón af veðsetningu til tryggingar á endurgreiðslu fráleitt að líta á endurgreiðslu Opera Service ehf. sem ótilhlýðilega.

Hvað varði endurgreiðslukröfu stefnanda á grundvelli 142. gr. laga nr. 21/1991 þá geti ekki, með hliðsjón af afgreiðslu stefndu á riftunarkröfum stefnanda, verið um neina endurgreiðslukröfu að ræða af hálfu stefnanda á hendur stefnda á grundvelli ákvæðisins.

Í ljósi þeirrar vanrækslu að höfða mál þetta án þess að taka áður skýrslu af fyrirvarsmanni Opera Service ehf., þar sem málsatvik hefðu að mestu fengist upplýst, geri stefndi kröfu um sérstakt álag á málskostnað.

IV

A

Ágreiningslaust er að 14. febrúar 2024 flutti stefndi, sem sat í stjórn Opera Service ehf., með tveimur millifærslum samtals 10.050.000 krónur af reikningum félagsins inn á sinn eigin bankareikning. Málsaðila greinir á um það hvernig virða beri þessar greiðslur. Stefnandi vísar einkum til þess að engin gögn að baki millifærslunum hafi fundist í forum félagsins.

B

Bú félagsins var sem fyrr segir tekið til gjaldþrotaskipta 11. desember 2024. Af 2. málslið 1. mgr. mgr. 81. gr. laga nr. 21/1991 verður ráðið að stefnda var sem

stjórnarmanni hins gjaldþrota félags skylt að verða við kvaðningu skiptastjóra um að mæta á fund hans og veita honum upplýsingar og láta honum í té gögn sem hann krefðist vegna gjaldþrotaskiptanna. Í 3. mgr. 81. gr. sömu laga segir að verði einhver sá, sem getur í 1. mgr., ekki við kröfu skiptastjóra um upplýsingar eða gögn megi skiptastjóri fara þess skriflega á leit við héraðsdómara að hlutaðeigandi verði kvaddur fyrir dóm til að gefa skýrslu um málefnið sem vitni.

Ljóst er af orðalagi ákvæðisins að um heimild skiptastjóra er að ræða. Með framlagðri staðfestingu Íslandspósts ohf. telst sannað að stefnda var sent rekjanlegt bréf í janúar 2025 þar sem hann var boðaður í skýrslutöku hjá skiptastjóra. Stefndi vitjaði þess bréfs ekki. Þá mun hann ekki hafa svarað riftunaryfirlýsingu sem skiptastjóri sendi honum í ágúst 2025. Nánar er vikið að sönnunarstöðu í málinu hér á eftir, en það er mat dómsins að framangreindar bréfasendingar hafi ekki sérstök áhrif á hana, en ljóst er að báðir málsaðilar hafa haft tækifæri til að leggja fram í málinu öll gögn sem þeir telja að hafi þýðingu fyrir málatilbúnað sinn.

C

Aðalkrafa stefnanda er reist á því að virða beri millifærslurnar tvær frá Opera Service ehf. til stefnda sem ólögmæta lánveitingu, þ.e. í andstöðu við ákvæði 1. mgr. 79. gr. laga nr. 138/1994.

Einkahlutafélög teljast sjálfstæðir lögaðilar og er greint á milli réttinda og skyldna þeirra annars vegar og hluthafa þeirra og stjórnenda hins vegar. Með lögum nr. 138/1994 eru margvíslegar skorður settar við útgreiðslu fjármuna einkahlutafélaga til stjórnenda og hluthafa. Í 1. mgr. 79. gr. laganna er lagt almennt bann við því að slík félög veiti stjórnendum sínum lán eða setji tryggingu fyrir þá. Þá segir í 4. mgr. 79. gr. að hafi félagið innt af hendi greiðslur í tengslum við þær ráðstafanir sem séu andstæðar 1. og 2. mgr. skuli endurgreiða þær með dráttarvöxtum.

Stefndi byggir ekki á því að sýkna beri hann af aðalkröfu stefnanda þar sem fjármunirnir í millifærslunum tveimur hafi talist venjulegt viðskiptalán frá Opera Service ehf. til stefnda. Þess í stað beri að sýkna stefnda af þeirri kröfu þar sem tildrög viðkomandi greiðslna leiði í ljós að ekki hafi verið um að ræða ólögmætar lánveitingar, heldur „nettun“ á skyndiláni frá móðurfélagi til dótturfélags, sem upphaflega hafi verið veitt af stefnda sjálfum.

Við málflutning lýsti lögmaður stefnda því að þótt það kynni að teljast „bókhaldslega eðlilegt“ ef lán að fjárhæð 10.000.000 króna frá móðurfélaginu Instrumenta ehf. til Opera Service ehf. 13. febrúar 2024 hefði verið endurgreitt móðurfélaginu þá væri ekkert sem kæmi í veg fyrir „nettun“ viðskiptanna með þeim hætti sem stefndi byggir á í málinu. Við málflutning vísaði lögmaður stefnda einnig til þess að tekist hefði að rekja slóð umræddra fjármuna og að áðurnefndar

millifærslukvittanir vegna SÓK ehf., Instrumenta ehf. og Opera Service ehf. styddu málatilbúnað stefnda.

Pegar lagt er mat á þann málatilbúnað stefnda að um hafi verið að ræða uppgjör í tengslum við endurgreiðslu á láni sem stefndi hefði upphaflega veitt SÓK ehf., sem veitt hefði Instrumenta ehf. lán, sem aftur hefði lánað dótturfélaginu Opera Service ehf. fjármuni, verður ekki fram hjá því litið að engra gagna nýtur við um eðli greiðslanna. Nánar tiltekið leiða millifærslukvittanir í ljós flutning fjármuna, en þær varpa í sjálfu sér ekki án frekari skýringa neinu ljósi á eðli slíkra greiðslna eða samnings samband að baki greiðslunum, til dæmis hvort um sé að ræða lánveitingar, endurgreiðslu fjármuna eða annars konar uppgjör. Þannig er með öllu óljóst hvort upphafleg greiðsla stefnda til SÓK ehf. var í reynd lán eða uppgjör annarra fjárskuldbindinga.

Eins og atvikum er háttað verður stefndi að bera sönnunarbyrðina fyrir þeirri umþrættu staðhæfingu sinni að umræddar tvær millifærslur hans af reikningi Opera Service ehf. inn á persónulegan bankareikning hans hafi í reynd ekki verið lánveiting til hans heldur uppgjör á láni sem hann hefði áður veitt félaginu SÓK ehf., sem ekki tilheyrir sömu samstæðu féлага, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 8. júní 2017 í máli nr. 584/2016.

Stefndi var sem fyrr segir eini stjórnarmaður Opera Service ehf. og þar var ekki starfandi framkvæmdastjóri. Bar stefndi samkvæmt 5. gr. laga nr. 145/1994 um bókhald ábyrgð á því að bókhald félagsins væri fært með réttum hætti. Ekkert slíkt bókhald liggur frammi í málinu, þ.e. hvort sem um er að ræða SÓK ehf., Instrumenta ehf. eða Opera Service ehf. Telst allt á huldu um ætluð viðskipti stefnda við SÓK ehf., sem er í eigu maka hans. Hið sama á við um viðskipti SÓK ehf. við Instrumenta ehf. og viðskipti síðastnefnda félagsins við Opera Service ehf. Engar færslur í gerðabók Opera Service ehf. liggja frammi í málinu sem fjalla um greiðslurnar tvær. Engin gögn frá félögunum Ítalgest ehf. og UHS ehf. sýna fram á að lán hafi verið veitt með veði í uppgjóri frá félögunum tveimur. Raunar viðurkenndi stefndi beinlínis við aðilaskýrslu fyrir dómi að meint lánveiting hefði ekki verið skjalfest með nokkrum hætti. Nánar aðspurður fyrir dómi kannaðist stefndi ekki við neitt skuldarsamband á milli sín og Opera Service ehf. og kvaðst ekki hafa lánað því félagi persónulega.

Stefndi hefur verið missaga í málinu um það í hvaða skyni nota átti fjármuni sem bærust frá Instrumenta ehf. inn í rekstur Opera Service ehf. Upphaflega byggði hann á því að lánið hefði verið nýtt til þess að greiða starfsfólki laun. Við aðalmeðferð hvarf hann frá því, en þá lá fyrir bankayfirlit sem leiddi í ljós að fjármunirnir voru í reynd ekki nýttir í því skyni heldur höfðu í heild sinni verið millifærðir á eigin reikning stefnda. Hvað varðar ætluð lánakjör vegna viðskiptanna var framburður stefnda fyrir dómi auk þess afar óljós.

Að öllu framangreindu virtu verður að leggja til grundvallar að stefndi hafi með framangreindum hætti, sem stjórnarmaður í Opera Service ehf., veitt sjálfum sér lán með umræddum tveimur millifærslum andstætt ákvæðum 1. mgr. 79. gr. laga nr. 138/1994. Ber stefnda því að endurgreiða stefnanda fjárhæðina með dráttarvöxtum, sbr. 4. mgr. 79. gr. sömu laga. Við þetta miðar aðalkrafa stefnanda réttilega og verður hún því tekin til greina samkvæmt efni sínu.

Í samræmi við framangreinda niðurstöðu verður stefnda gert að greiða stefnanda 10.050.000 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 14. febrúar 2024 til greiðsludags.

Með hliðsjón af þessum málsúrslitum og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, eins og nánar greinir í dómsorði.

Af hálfu stefnanda flutti málið Birgitta Saga Jónsdóttir lögmaður.

Af hálfu stefnda flutti málið Sveinn Andri Sveinsson lögmaður.

Arnaldur Hjartarson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Stefndi, Björgvin Narfi Ásgeirsson, greiði stefnanda, þb. Opera Service ehf., 10.050.000 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 14. febrúar 2024 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 1.650.000 krónur í málskostnað.